

Tækniskólinn ehf.
Hildur Ingvarsdóttir, skólastjóri
Skólavörðuholti
101, Reykjavík

Kópavogi, 22. desember 2020
Tilvísun: 2020-7657

Efni: Viðurkenning einkaskóla á framhaldsskólastigi til eins árs

Vísað er til umsóknar dagsett 21.5.2020, þar sem sótt er um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og menningarmálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað. Um skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna. Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast Menntamálastofnun ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Tækniskólans ehf. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur nemenda, skólanámskrá (með hliðsjón af starfsháttum, skipulagi náms, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda o.fl.), námsbrautarlýsingar, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, menntun og kjör starfsfólks og starfsaðstaða.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Tækniskólanum ehf. kt. 531202-3410, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til eins árs frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Tækniskólans ehf. og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: 3 – Framhaldsskólapróf (annað þrep), 5 – Önnur lokapróf (annað þrep), 6 – Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja þrep), 7 – Aðrar brautir til stúdentsprófs (þriðja þrep), 8 - Próf til starfsréttinda (þriðja þrep), 9 – Önnur lokapróf (þriðja þrep), 10 – Próf til starfsréttinda (fjórða þrep) og 11 – Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep).

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsakosti skólans eins og honum er lýst í umsókn. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Húsakostur hefur ekki að fullu verið tekinn út og samþykktur af yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála en fyrir liggur staðfesting Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á því að það leggist ekki gegn því að bráðabirgðaviðurkenning verði veitt þar sem verið sé að vinna í að klára yfirferð á húsum skólans. Gerður er sá fyrirvari að viðurkenning þessi verði afturkölluð ef eitthvert húsa Tækniskólans fær neikvæða umsögn slökkviliðs á gildistíma viðurkenningarinnar.

Áður en til endurnýjunar á viðurkenningu kemur ber skólanum að útvega jákvæða umsögn um húsakost sinn frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála.

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Tækniskólinn ehf. uppfylli viðmið til þess að kenna eftir staðfestum námsbrautalýsingum:

Bókband (19-349-3-8)	Náttúrufræðibraut (16-170-3-6)
Fatataekni (20-451-2-5)	Pípulagnir (20-469-3-8)
Grafísk miðlun (19-274-3-8)	Prentun (19-350-3-8)
Grunnbraut upplýsinga- og fjölmiðlagreina (20-476-2-5)	Rafeindavirkjun (19-272-3-8)
Grunnnám rafiðna (19-314-2-5)	Rafveituvirkjun (19-273-3-8)
Gull- og silfursmíði (19-324-3-8)	Rafvirkjun - Samningsleið (19-275-3-8)
Hársnyrtibraut (17-203-3-8)	Rafvirkjun - Verknámsleið (19-276-3-8)
Hljóðtækni (20-306-3-9)	Rennismíði (19-326-3-8)
Húsasmíði (20-383-3-8)	Skipstjórn C/stúdent (20-329-3-8)
Húsgagnabólstrun (20-448-3-8)	Skipstjórn D (20-328-4-10)
Húsgagnasmíði (20-449-3-8)	Stafræn hönnun (18-191-4-11)
Hönnunar- og nýsköpunarbraut (17-258-3-7)	Stálsmíði (19-325-3-8)
Íslenskubraut fyrir útlendinga (20-464-2-5)	Tækniteiknun (20-347-3-9)
K2, tækni- og vísindaleið (18-390-3-6)	Tölvubraut (17-313-3-7)
Kjólasmur (20-470-3-8)	Undirbúningsbraut-framhaldsskólapróf (20-468-2-3)
Klæðskurður (20-465-3-8)	Vefþróun (18-201-4-11)
Kvikmyndatækni (20-453-3-9)	Veggfóðrun og dúkalögn (20-455-3-8)
Ljósmyndun (19-280-3-8)	Vélstjórn C (20-334-3-8)
Málaraiðn (20-450-3-8)	Vélstjórn D (20-333-4-10)
Múraraiðn (20-454-3-8)	Vélvirkjun (19-327-3-8)
Nám til iðnmeistara (20-389-4-11)	Viðbótarnám til stúdents (20-471-3-7)

Um viðurkenningu nýrra námsbrauta eftir að skóli hefur hlotið viðurkenningu fer skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla og fyrirmælum settum samkvæmt þeim í samræmi við 4. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla nr. 426/2010.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Tækniskólans ehf.

Arnór Guðmundsson, forstjóri

(Undirritað rafrænt)

Undirritunarsíða

Forstjóri Menntamálastofnunar
Arnór Guðmundsson